# LEARN TO SWIM – NÁMSKEIÐ SUNDSAMBANDS ÍSLANDS

## Swim Safe Europe – námskeið fyrir þjálfara og sundkennara

Sundsamband Íslands, í samstarfi við European Aquatics (EA) býður upp á alþjóðlegt námskeið undir yfirskriftinni Swim Safe Europe – Learn to Swim. Námskeiðið er ætlað sundkennurum, sundþjálfurum og leiðbeinendum sem starfa við sundkennslu og vatnsleikni barna á aldrinum 3–12 ára.

Markmið námskeiðsins er að efla faglega hæfni þjálfara, sundkennara og leiðbeinenda og tryggja samræmd gæði í sundkennslu barna, auk þess að stuðla að auknu öryggi barna. Námið er hluti af menntunarkerfi EA og veitir viðurkennd réttindi á Evrópskum vettvangi.

### Um námskeiðið

Námskeiðið samanstendur af:

- Fjarnámi: 4–6 klst. fræðilegur hluti
- Verklegri kennslu: ca. 14 klst. (í kennslustofu og sundlaug)

Verklegi hlutinn fer fram 11.–12. október 2025 í Sundlauginni í Laugardal og hjá ÍSÍ. Sundsamband Íslands sér um veitingar fyrir þátttakendur.

Kennslan fer fram á ensku og verður í höndum reyndra kennara frá European Aquatics.

### Helstu markmið námskeiðsins

• Auka þekkingu á Swim Safe Europe og mikilvægi öryggis barna í vatni.

• Virkja og efla hæfni sundkennara á landsvísu

• Tryggja gæði og samræmingu í sundkennslu fyrir börn

• Veita alþjóðleg EA-vottun til þeirra sem ljúka náminu

### Tímasetningar & yfirlit

Skráningartímabil: 4. ágúst – 1. október 2025

Fjarnám: 3. október 2025

Verklegur hluti: 10.–11. október 2025

Athugið: Til að öðlast full réttindi þarf að ljúka bæði fjarnámi og verklegum hluta.

## Hagnýtar upplýsingar

Aldurstakmark: Þátttakendur þurfa að vera 16 ára eða eldri.

Kennslumál: Enska

Við lok námskeiðsins eiga þátttakendur að vera hæfir til að kenna sund börnum á aldrinum 3–12 ára.

## Skráning & nánari upplýsingar

Skráningarhlekkur: [: https://www.eaacademy.eu/lms/courses/swim-safe-europe-course-coaches-icelandic-sa-faroe-iaf]

Ábyrgðarmenn námskeiðsins fyrir hönd SSÍ:

Ragnar Guðmundsson – ragnar@optimizar.dk

Ingibjörg H. Arnadóttir – ingibjorgha@iceswim.is | +354 770 6066 (***frá og með 1. sept.)***

Ef spurningar vakna, vinsamlegast hafið samband.

Við hlökkum til að sjá sem flesta á þessu mikilvæga og öfluga námskeiði.